



ÁRSHLUTASKÝRSLA

Janúar - júní 2008



31. júlí 2008

## Afkoma Exista á fyrstu sex mánuðum 2008

Fjármálaþjónustufyrirtækið Exista hf. birtir í dag árshlutauppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008.

### Afkoma á öðrum ársfjórðungi:

- Afkoma eftir skatta var neikvæð um 38,4 milljónir evra (ISK 4,2 milljarðar)
- Heildartekjur námu 89,6 milljónum evra (ISK 9,8 milljarðar)

### Afkoma á fyrstu sex mánuðum:

- Afkoma eftir skatta var neikvæð um 82,2 milljónir evra (ISK 9,0 milljarðar)
- Hagnaður af fjármálaþjónustu eftir skatta nam 66,4 milljónum evra (ISK 7,3 milljarðar)
- Tap af fjárfestingum eftir skatta nam 148,6 milljónir evra (ISK 16,3 milljarðar)

### Helstu niðurstöður efnahagsreiknings 30. júní 2008:

- Heildareignir námu 6,9 milljörðum evra (ISK 868 milljarðar), lækkuðu um 13,6% frá áramótum
- Eigið fé nam 2,3 milljarðar evra (ISK 286 milljarðar), lækkaði um 3,6% frá áramótum
- Heildarskuldir lækkuðu um 1,0 milljarð evra (ISK 123 milljarðar), eða 17,7%, frá áramótum
- Handbært fé nam 303,4 milljónum evra (ISK 38 milljörðum) og tryggt lausafé til að mæta endurfjármögnun til desember 2009
- Eiginfjárhlutfall var 37,0% (með vijkjandi skuldabréfum)

### Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður:

„Í ljósi ríkjandi markaðsaðstæðna erum við sátt við niðurstöðu ársfjórðungsins. Á umrótartímum á fjármálamörkuðum höfum við lagt áherslu á að standa vörð um traustar undirstöður félagsins. Rekstur fyrirtækja okkar gengur vel og við höfum mikla trú á þeim til framtíðar, þótt verðmyndun á markaði sé veik um þessar mundir. Sem fyrr högum við starfsemi Exista, þar með talið kostnaðaraðhaldi og áhættustýringu, með það að markmiði að treysta stöðir félagsins. Með okkar öflugu fyrirtæki og vaxandi ítök í fjármálaþjónustu á Norðurlöndum erum við í góðri stöðu til þess að mæta krefjandi markaðsaðstæðum til hagsbóta fyrir félagið í framtíðinni.“

Frekari upplýsingar um reikninga félagsins veitir:

Samskiptasvið Exista  
Sigurður Nordal  
framkvæmdastjóri  
sími: 550 8620 ([ir@exista.com](mailto:ir@exista.com))

### Um Exista

Exista starfar á sviði fjármálaþjónustu undir merkjum VÍS, Lífis og Lýsingar og sem kjölfestueigandi í Sampo Group og Kaupþingi banka. Exista er jafnframt alþjóðlegur fjárfestir, meðal annars í Storebrand, Bakkavör Group og Skiptum. Starfsemi Exista byggir á tveimur meginstöðum sem eru fjármálaþjónusta og fjárfestingar. Upplýsingar um Exista hf. og uppgjörð er að finna á vefsíðu félagsins, [www.exista.com](http://www.exista.com)

## Rekstrarreikningur samstæðu

Reikningar Exista hf. eru útbúnir í samræmi við alþjóðleg reikningsskil (IFRS).

Afkoma fyrir skatta á á öðrum ársfjórðungi 2008 var neikvæð um 38,7 milljónir evra. Á fyrstu sex mánuðum ársins nam tap fyrir skatta 84,6 milljónum evra.

Afkoma eftir skatta var neikvæð um 38,4 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi og alls neikvæð um 82,2 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum ársins. Á fyrri árshelmingi 2007 var 862,1 milljónar evra hagnaður.

### Tekjur

Heildartekjur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi námu 89,6 milljónum evra. Tekjur námu 105,7 milljónum evra á fyrri árshelmingi en voru 958,2 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Tap var á fjáreignum á gangvirði sem nam 63,9 milljónum evra á öðrum ársfjórðungi en 237,2 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum ársins. Hagnaður af fjáreignum nam 73,5 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum 2007.

Veltufjáreignir skiluðu gengishagnaði að fjárhæð 20,6 milljónum evra á öðrum ársfjórðungi. Hagnaður af veltufjáreignum nam 79,1 milljón evra á fyrstu sex mánuðum ársins en var 147,3 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Arðstekjur á öðrum ársfjórðungi námu 6,9 milljónum evra og alls 11,2 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 12,0 milljónir evra á fyrri árshelmingi 2007. Vakin er athygli á því að arður frá hlutdeildarfélögum í fjármálaþjónustu, Kaupþingi og Sampo, er ekki tekjufærður, heldur færður til lækkunar á bókfærðu virði í efnahagsreikningi og tekinn inn í fjárstreymi félagsins. Arður hlutdeildarfélaga til Exista nam 138,7 milljónum evra á öðrum ársfjórðungi og alls 167,3 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum ársins.

Vaxtatekjur námu alls 28,0 milljónum evra á öðrum ársfjórðungi, en 56,5 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum. Fyrstu sex mánuði síðasta árs námu vaxtatekjur 37,8 milljónum evra. Aukningin milli tímabila skýrist fyrst og fremst af vaxtatekjum á handbæru fé félagsins, en helmingur vaxtatekna er tilkominn vegna eignaleigustarfsemi.

Tryggingaiðgjöld námu 24,8 milljónum evra á fjórðungnum og 53,6 milljónum evra á fyrri árshelmingi, samanborið við 65,8 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum 2007. Samdrátturinn skýrist af gengislækkun krónunnar, en iðgjöld eru nær einvörðungu í krónum. Í krónum talið jukust eigin iðgjöld um 17% milli ára.

Hlutdeildartekjur námu 67,8 milljónum evra í fjórðungnum og 132,4 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum. Hlutdeildartekjur námu 615,3 milljónum evra á fyrri árshelmingi í fyrra, þegar Sampo bókfærði sölu á bankastarfsemi sinni. Við útreikning á hlutdeild Exista í ársfjórðungslegum hagnaði hlutdeildarfélaganna Sampo og Kaupþings banka er miðað við spár markaðsaðila á hagnaði fyrirtækjanna fyrir tímabilið og koma frávik raunverulegs hagnaðar frá áætluðum hagnaði til tekna eða gjalda í næsta uppgjöri á eftir.

### Gjöld

Rekstrarkostnaður var 15,8 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi og 32,3 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum. Rekstrarkostnaður var 32,2 milljónir evra á fyrri árshelmingi í fyrra.

Tjóna- og líftryggingabætur námu 21,2 milljónum evra í fjórðungnum. Þær námu 50,1 milljón á fyrstu sex mánuðum ársins, en 51,0 milljón á sama tímabili í fyrra.

Heildargjöld samstæðunnar, þar með talda tjónabætur, námu alls 37,0 milljónum evra á öðrum ársfjórðungi. Fyrstu sex mánuðina voru heildargjöld 82,3 milljónir evra en 83,2 milljónir á sama tíma í fyrra.

### Rekstrarafkoma, fjármagnsgjöld og skattar

Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld var 52,5 milljónir evra í fjórðungnum. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld var 23,4 milljónir evra á fyrri árshelmingi, en á sama tímabili síðasta árs varð hagnaður fyrir fjármagnsgjöld 875,0 milljónir evra.

Vaxtagjöld námu 100,4 milljónum evra á fjórðungnum og 205,5 milljónum fyrri helming ársins. Vaxtagjöld fyrstu sex mánuði síðasta árs námu 134,6 milljónum evra.

Gengishagnaður og verðbætur námu 9,1 milljónum evra á fjórðungnum og 97,5 milljónum fyrstu sex mánuðina, samanborið við 81,8 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum 2007.

Tekjuskattur var jákvæður um 344 þúsund evrur í öðrum ársfjórðungi, en hann var jákvæður um 2,4 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum ársins. Tekjuskattur var jákvæður um 39,9 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum 2007, sem skýrist af tekjuskattskuldbindingu sem leyst var upp á fyrsta ársfjórðungi.

## Rekstrarreikningur samstæðu

(MILLJÓNIR EVRA)	JAN-JÚN 2008	JAN-JÚN 2007	BREYTING
Fjáreignir metnar á gangvirði	-237,2	73,5	-422,9%
Veltufjáreignir	79,1	147,3	-46,3%
Arður <sup>1</sup>	11,2	12,0	-6,1%
Vaxtatekjur	56,5	37,8	49,6%
Vátryggingaiðgjöld	53,6	65,8	-18,6%
Hlutdeildartekjur	132,4	615,3	-78,5%
Aðrar tekjur	10,0	6,6	51,1%
<b>Tekjur</b>	<b>105,7</b>	<b>958,2</b>	<b>-89,0%</b>
Tjónagjöld	-50,1	-51,0	-1,9%
Rekstrarkostnaður	-32,3	-32,2	0,3%
<b>Gjöld</b>	<b>-82,3</b>	<b>-83,2</b>	<b>-1,0%</b>
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>23,4</b>	<b>875,0</b>	<b>-97,3%</b>
Vaxtagjöld	-205,5	-134,6	52,7%
Gengismunur og verðbætur	97,5	81,8	19,3%
<b>(Tap) hagnaður fyrir skatta</b>	<b>-84,6</b>	<b>822,1</b>	<b>-110,3%</b>
Tekjuskattur	2,4	39,9	-94,1%
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b>	<b>-82,2</b>	<b>862,1</b>	<b>-109,5%</b>

(MILLJÓNIR EVRA)	2F 2008	1F 2008	4F 2007	3F 2007	2F 2007
Fjáreignir metnar á gangvirði	-63,9	-173,2	-104,6	32,0	35,3
Veltufjáreignir	20,6	58,5	-156,3	-37,3	36,4
Arður <sup>1</sup>	6,9	4,3	0,0	0,7	6,9
Vaxtatekjur	28,0	28,5	30,3	23,2	19,3
Vátryggingaiðgjöld	24,8	28,8	31,2	32,0	30,6
Hlutdeildartekjur	67,8	64,6	48,4	92,5	158,3
Aðrar tekjur	5,4	4,6	7,2	4,2	3,3
<b>Tekjur</b>	<b>89,6</b>	<b>16,1</b>	<b>-143,8</b>	<b>147,1</b>	<b>290,2</b>
Tjónagjöld	-21,2	-28,8	-28,3	-25,1	-24,5
Rekstrarkostnaður	-15,8	-16,5	-18,8	-14,5	-15,5
<b>Gjöld</b>	<b>-37,0</b>	<b>-45,3</b>	<b>-47,1</b>	<b>-39,6</b>	<b>-40,0</b>
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>	<b>52,5</b>	<b>-29,2</b>	<b>-190,8</b>	<b>107,5</b>	<b>250,2</b>
Vaxtagjöld	-100,4	-105,1	-109,4	-106,2	-78,2
Gengismunur og verðbætur	9,1	88,4	-6,2	8,7	52,7
<b>(Tap) hagnaður fyrir skatta</b>	<b>-38,7</b>	<b>-45,9</b>	<b>-306,5</b>	<b>10,0</b>	<b>224,7</b>
Tekjuskattur	0,3	2,0	10,9	-2,6	-3,3
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b>	<b>-38,4</b>	<b>-43,8</b>	<b>-295,6</b>	<b>7,4</b>	<b>221,4</b>

<sup>1</sup> Arður frá hlutdeildarfélagum, sem nam 167 milljónum evra á fyrri helmingi árs, er ekki tekjufærður heldur kemur til lækkunar á bókfærðu virði í efnahagsreikningi

## Afkoma starfspáttu

Starfsemi Exista byggir á tveimur meginstoðum, en þær eru fjármálaþjónusta og fjárfestingar.

### Fjármálaþjónusta

Fjármálaþjónusta skilaði 66,4 milljóna evra hagnaði á fyrri ársþingum. Fjármálaþjónusta, sem nemur samtals um 84% af efnahagsreikningi Exista, skiptist í dótturfélög og hlutdeildarfélag. Dótturfélög í fjármálaþjónustu eru alfarið í eigu Exista, og gerð upp sem slík í reikningum félagsins. Hlutdeildarfélag í fjármálaþjónustu eru kjölfestueignir til langs tíma og færð með hlutdeildaraðferð í reikningum félagsins. Stjórn Exista hefur ákveðið að skilgreina eign félagsins í Storebrand sem eignarhlut í fjármálaþjónustu frá og með þriðja ársfjórðungi eins og nánar er greint frá á blaðsíðu 8.

Heildartekjur af fjármálaþjónustu á fyrri ársþingum námu alls 229,5 milljónum evra; váttryggingaiðgjöld námu 53,6 milljónum evra, vaxtatekjur 48,9 milljónum evra og fjárfestingatekjur 126,5 milljónum evra.

Heildargjöld af fjármálaþjónustu námu 74,5 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum ársins og skiptist svo að tjónakostnaður nam 50,1 milljón evra og rekstrarkostnaður 24,4 milljónum evra.

Hagnaður af fjármálaþjónustu fyrir fjármagnsgjöld nam 155,0 milljónum evra, fjármagnsgjöld námu 88,6 milljónum evra og hagnaður fyrir skatta því 66,3 milljónir evra.

Samsett hlutfall tryggingastarfsemi var 113% á fyrstu sex mánuðum ársins, en markmið félagsins er að samsett hlutfall verði undir 100% á árinu. Tjónakostnaður á tímabilinu var hár sökum óhagstæðra ytri áhrifa, svo sem slæms veðurs á fyrsta ársfjórðungi. Frá júní 2007 til júní 2008 var samsett hlutfall tryggingastarfsemi að meðaltali 108%. Á öðrum ársfjórðungi var arðsemi eigin fjár af eignaleigustarfsemi 24% á ársgrundvelli.

### Fjárfestingar

Akoma af fjárfestingum var neikvæð um 148,6 milljónir evra á fyrri þingum ársins. Undir fjárfestingar falla eignarhlutir og fjárfestingar félagsins í skráðum og óskráðum fyrirtækjum. Fjárfestingar eru færðar á gangvirði í reikningum félagsins og nema um 16% af efnahagsreikningi Exista.

Fjárfestingatekjur voru neikvæðar um 140,8 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum ársins, vaxtatekjur námu 7,6 milljónum evra og aðrar tekjur 9,5 milljónum evra.

Heildargjöld á fyrri ársþingum námu 7,8 milljónum evra. Afkoma fyrir fjármagnsgjöld var neikvæð um 131,6 milljónir evra og fjármagnskostnaður var 19,3 milljónir evra. Afkoma fyrir skatta var því neikvæð um 150,9 milljónir evra fyrstu sex mánuði ársins.

(MILLJÓNIR EVRA)	FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA	FJÁRFESTINGAR	SAMTALS
Fjárfestingatekjur	126,5	-140,8	-14,4
Váttryggingaiðgjöld	53,6	-	53,6
Vaxtatekjur	48,9	7,6	56,5
Aðrar tekjur	0,5	9,5	10,0
<b>Tekjur</b>	<b>229,5</b>	<b>-123,7</b>	<b>105,7</b>
Tjónakostnaður	-50,1	-	-50,1
Rekstrarkostnaður	-24,4	-7,8	-32,3
<b>Kostnaður</b>	<b>-74,5</b>	<b>-7,8</b>	<b>-82,3</b>
<b>Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnskostnað</b>	<b>155,0</b>	<b>-131,6</b>	<b>23,4</b>
Fjármagnskostnaður	-88,6	-19,3	-108,0
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>66,3</b>	<b>-150,9</b>	<b>-84,6</b>
Tekjuskattur	0,1	2,3	2,4
<b>Hagnaður (tap) eftir skatta</b>	<b>66,4</b>	<b>-148,6</b>	<b>-82,2</b>

## Efnahagsreikningur samstæðu

### Eignir

Heildareignir Exista voru 6.925 milljónir evra 30. júní 2008 og höfðu lækkað um 1.086 milljónir evra, eða 14%, frá áramótum.

Fjáreignir á gangvirði námu 944 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs og höfðu lækkað um 180 milljónir evra frá upphafi árs. Skráð hlutabréf námu 391 milljón evra og óskráð hlutabréf 553 milljónum evra.

Veltufjáreignir, sem eru að stærstum hluta váttryggingaskuld, námu 158 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs og höfðu dregist saman um 53 milljónir evra frá áramótum.

Útlán og kröfur námu 793 milljónum evra og höfðu aukist um 8 milljónir evra frá upphafi árs. Útlán eru að mestu tilkomin vegna eignaleigustarfssemi félagsins.

Viðskiptavild samstæðunnar var metin á 341 milljónir evra í lok annars ársfjórðungs, en hún er tilkomin vegna kaupa á váttrygginga- og eignaleigustarfssemi árið 2006. Viðskiptavild samstæðunnar lækkaði um 128 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi og nemur nú innan við 5% af heildareignum.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum voru metnir á 4.298 milljónir evra 30. júní 2008. Þetta eru að langstærstum hluta eignarhlutir samstæðunnar í Sampo Group og Kaupþingi banka. Í reikningnum er bókfært virði þessara eigna 1.347 milljónum evra yfir markaðsvirði miðað við gengi hlutabréfa 30. júní 2008, eins og nánar er fjallað um á blaðsíðu 7.

Endurtryggingaeignir námu 9 milljónum evra 30. júní 2008. Fjárfestingaeignir námu 50 milljónum evra og fasteignir og tæki 20 milljónum evra.

Handbært fé nam 303 milljónum evra 30. júní 2008. Aðrar eignir námu 8 milljónum evra.

### Skuldir og eigið fé

Heildarskuldir voru 4.640 milljónir evra þann 30. júní 2008 og höfðu lækkað um 1.001 milljón evra frá áramótum. Skuldir Exista greinast í grófum dráttum í lántökur, víkjandi skuldabréf og váttryggingaskuld.

Lántökur námu 4.144 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs og hafa þær lækkað um 980 milljónir evra frá áramótum.

Víkjandi skuldabréf námu 261 milljón evra í lok fjórðungsins.

Váttryggingaskuld var 181 milljón evra og hafði lækkað um 41 milljón evra á fyrstu sex mánuðunum.

Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nam 8 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs, en hún var 19 milljónir evra í upphafi árs.

Eigið fé samstæðunnar var 2.284 milljónir þann 30. júní 2008, sem er lækkun um 85 milljónir evra frá áramótum.

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 37,0% í lok júní. Að frádregnum lántökum sem tengjast eignaleigustarfssemi félagsins var eiginfjárhlutfallið 40,0%. Að víkjandi eiginfjárskirteinum undanskildum var eiginfjárhlutfallið 33,0%.

## Efnahagsreikningur samstæðu

(MILLJÓNIR EVRA)	30. JÚN. 2008	31. DES. 2007	BREYTING
<b>EIGNIR</b>			
Fjáreignir metnar að gangvirði í gegnum rekstur	944	1.123	-16%
Veltufjáreignir	158	210	-25%
Útlán og kröfur	793	785	1%
Viðskiptavild	341	469	-27%
Hlutdeildarfélag	4.298	4.738	-9%
Endurtryggingareignir	9	10	-13%
Fjárfestingareignir	50	70	-28%
Fasteignir, áhöld og tæki	20	28	-28%
Handbært fé	303	568	-47%
Aðrar eignir	8	10	-14%
<b>Eignir samtals</b>	<b>6.925</b>	<b>8.010</b>	<b>-14%</b>
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Hlutafé	144	121	19%
Varasjóðir	711	736	-3%
Óráðstafað eigið fé	1.429	1.511	-5%
<b>Eigið fé hluthafa móðurfélagsins</b>	<b>2.284</b>	<b>2.368</b>	<b>-4%</b>
Hlutdeild minnihluta	0	1	-
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>2.284</b>	<b>2.369</b>	<b>-4%</b>
<b>SKULDIR</b>			
Lántaka	4.144	5.124	-19%
Víkjandi eiginfjárskirteini	261	250	4%
Vátrygginga- og líftryggingaskuld	181	221	-18%
Tekjuskattsskuldbinding	8	19	-56%
Aðrar skuldir	47	28	69%
<b>Skuldir samtals</b>	<b>4.640</b>	<b>5.642</b>	<b>-18%</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>6.925</b>	<b>8.010</b>	<b>-14%</b>

## Fjármögnun og lausafjárstaða

Fjármögnun og lausafjárstyring Exista hefur það markmið að skapa víðtækan aðgang að fjármagni, auka líftíma lána og tryggja viðvarandi sterka lausafjárstöðu.

Hinn 30. júní hafði félagið tryggt lausafé til að mæta endurfjármögnun til næstu 76 vikna. Samstæðan hafði því lausafé til að standast skuldbindingar sem falla á gjalddaga fram til desember 2009. Tryggt lausafé telst reiðufé, samningstryggðar lánalínur og verðbréf hæf til endurhverfra viðskipta. Með tryggu lausafé eru ekki talin önnur auðseljanleg verðbréf, tekjur af tryggingarekstri og eignaleigustarfsemi, né væntanlegar arðgreiðslur.

Tryggt lausafé í lok janúar 2008 var samsett af 33% handbæru fé, 51% tryggðum lánalínum og 16% veðhæfum verðbréfum.

Á fyrstu sex mánuðum ársins hafa lántökur lækkað um 1,0 milljarð evra, eða um 19%

## Markaðsvirði hlutdeildarfélag

Frá 1. janúar 2007 hafa Sampo Group og Kaupþing banki verið hlutdeildarfélag Exista. Exista er stærsti hluthafinn í báðum þessum félögum en eignarhluturinn í Kaupþingi er 24,75% og í Sampo 19,98%. Hlutdeildarfélagin eru kjölfestueignir til langs tíma í kjarnastarfsemi Exista, sem er fjármálaþjónusta.

Hlutdeildarfélag í fjármálaþjónustu eru færð með hlutdeildaraðferð í reikningum félagsins og hafa skammtímasveiflur í verði hlutabréfa þeirra ekki áhrif á bókfært virði þeirra. Í sveiflum á markaði getur því markaðsvirði hlutdeildarfélag orðið umtalsvert meira eða minna en bókfært virði. Við lok annars ársfjórðungs 2008 var markaðsvirði hlutdeildarfélag 1.347 milljónum evra lægra en bókfært virði þeirra.

(MILLJÓNIR EVRA)

30. JÚNÍ 2008

Bókfært virði hlutdeildarfélag	4.298
Markaðsvirði hlutdeildarfélag	2.951
<b>Bókfært virði umfram markaðsvirði</b>	<b>1.347</b>

Hlutdeildarfélag eru reglulega metin með virðisrýrnunarprófi í samræmi við alþjóðlega reikningsskil (IFRS). Aðrar eignir en dótturfélög og hlutdeildarfélag eru færðar á markaðsvirði eða áætluðu markaðsvirði, þar á meðal eignahlutir í Bakkavör Group, Storebrand og Skipti.

## Yfirtaka á Skiptum og framsal atkvæðisréttar

Hinn 19. mars sl. tilkynnti Exista um valfrjálst tilboð í allt hlutafé Skipta hf. Tilboðið hljóðaði upp á 6,64 krónur á hlut og var greitt með nýjum hlutum í Exista. Tilboðstímabil stóð frá 27. mars til 26. maí og hafði Exista eignast 99,22% hlutafjár við lok tilboðstímabilsins. Í kjölfar þess og afskráningar Skipta voru útistandandi hlutir innkallaðir og er félagið 100% í eigu Exista frá og með 2. júlí sl.

### Exista áfram kjölfestueigandi í Skiptum

Eins og fram kom í tengslum við yfirtökutilboðið hyggst Exista leita leiða til þess að auka breidd í hluthafahópi Skipta á ný þegar aukið jafnvægi verður komið á hlutabréfamörkuðum. Í því skyni hefur félagið gert samkomulag við MP fjárfestingarbanka og Kaupþing banka um að taka að sér umsjón með undirbúningi að sölu á hlutum í Skiptum. Samkomulagið felur jafnframt í sér endurfjármögnun á hluta af eign Exista í Skiptum. Í tengslum við samkomulagið og í ljósi þess að Skipti er í sölumeðferð um óskilgreindan tíma, hefur Exista gert samning um framsal atkvæðisréttar í Skiptum til umsjónarbankanna. Eftir sem áður hyggst Exista vera kjölfestueigandi í Skiptum þrátt fyrir félagið ráðgeri ekki að eiga Skipti að fullu til lengri tíma lítið

## Eignir í fjarskipta- og upplýsingatæknifélögum sameinaðar


Skipti hf. hafa yfirtekið eignir Exista í fjarskipta og upplýsingatækni. Með því hafa öll félög í eigu Exista á þessu sviði verið sameinuð. Skipti er eignarhaldsfélag sem leggur áherslu á fyrirtæki á sviði fjarskipta og upplýsingatækni og er markmið félagsins að fjárfesta í vel reknum fyrirtækjum sem hvíla á traustum grunni en hafa jafnframt góða möguleika til vaxtar. Innan Skipta er mikil sérþekking á sviði fjarskipta og upplýsingatækni og er félagið með starfsemi á Íslandi, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Bretlandseyjum.

Þær eignir sem Skipti hafa nú yfirtekið frá Exista eru hlutir í rótgrónum símafélögum í Tékklandi. Um er að ræða 8,25% hlut í eignarhaldsfélagi sem á 39% hlut í T-Mobile Czech Republic (TMCZ) og 100% í Ceske Radiokomunikace (CRA). TMCZ er leiðandi í farsímaþjónustu í Tékklandi með liðlega 40% markaðshlutdeild en félagið er 61% í eigu T-Mobile (Deutsche Telecom). CRA er leiðandi fyrirtæki á sviði endurvarps og fastlínu í Tékklandi.

Rekstur þessara fyrirtækja hefur gengið mjög vel og vöxtur þeirra hefur verið hraður undanfarin ár og falla afar vel að kjarnastarfsemi og fjárfestingarstefnu Skipta.

## Storebrand eignarhlutur í fjármálaþjónustu

Stjórn Exista hefur samþykkt breytingar sem snerta skipulag og uppgjör starfsþátta. Breytingarnar gilda frá og með þriðja ársfjórðungi 2008 og fela í sér að hlutur félagsins í Storebrand verður skilgreindur sem eignarhlutur í fjármálaþjónustu í stað fjárfestingar eins og áður. Fjármálaþjónusta skiptist því eftir breytingarnar í dótturfélög, hlutdeildarfélög og eignarhlutir. Þetta hefur ekki í för með sér neinar breytingar á meðferð félagsins á Storebrand, sem verður eftir sem áður langtímaeign á gangverði. Fjármálaþjónusta nemur eftir þetta um það bil 87% af efnahagsreikningi Exista. Skipulag Exista eftir breytingarnar er eins og hér er sýnt:



## Horfur

Afkoma Exista byggir aðallega á þremur þáttum: Afkomu rekstrareininga af trygginga- og eignaleigustarfsemi, hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaganna og verðþróunar annarra eigna. Undirliggjandi rekstur dóttur- og hlutdeildarfélaganna er traustur, og hið sama á einnig við um helstu eignir félagsins. Hinsvegar er afkoma Exista háð markaðsaðstæðum á fjármálamörkuðum sem geta haft áhrif á markaðsvirði skráðra eigna félagsins og þar með afkomu þess.

## Samþykki stjórnar og áritun endurskoðenda

Stjórn Exista samþykkti árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði 2008 á stjórnarfundum í dag, 31. júlí 2008. Árshlutareikningurinn er kannaður af endurskoðendum félagsins, Deloitte hf.

## Kynning á uppgjörinu

Kynning á uppgjöri annars ársfjórðungs 2008 fer fram í höfuðstöðvum félagsins í Reykjavík, föstudaginn 1. ágúst kl. 8:30. Þar munu stjórnendur félagsins gera grein fyrir reikningum og svara fyrirspurnum.

Húsið opnar kl. 8:00 og verður boðið upp á léttan morgunverð áður en fundur hefst. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum Exista að Ármúla 3, 108 Reykjavík, á 5. hæð.

Fundurinn fer fram á ensku og er opinn hluthöfum og öðrum markaðsaðilum.

### Netvarp og símafundur, 1. ágúst 2008

Kynningarfundinum í Reykjavík verður varpað í beinni útsendingu á vef félagsins, [www.exista.com](http://www.exista.com), og hefst netvarpið kl. 8:30.

Jafnframt er hægt að taka þátt í fundinum símleiðis og leggja fram spurningar með því að hringja í síma 800 8660 eða +44 (0)20 3043 2436 (breskt númer).

Að fundi loknum má nálgast kynningarefni og upptöku af fundinum á heimasíðu Exista, [www.exista.com](http://www.exista.com).

## Fjárhagsdagatal 2008

Birtingadagar uppgjöra Exista á árinu 2008 eru eftirfarandi:

- Þriðji ársfjórðungur: 31. október 2008
- Fjórði ársfjórðungur: 30. janúar 2009

## Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar um uppgjörið veitir samskiptasvið Exista, Sigurður Nordal framkvæmdastjóri, í síma 550 8620, og netfang [ir@exista.com](mailto:ir@exista.com).